# Námsáætlun fyrir náttúrufræði - 6. bekkur
## Skólaárið 2024-2025

**Kennari:** Jóhanna Pálsdóttir
**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Geta til aðgerða og ábyrgð á umhverfi** | • Greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.<br>• Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.<br>• Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi<br>• Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.<br>• Tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa<br>• Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama. | Nemendur gera hugarkort um ýmis efni og skrifleg verkefni | Umræða, virkni, verkefni, hópavinna |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru | | |
| **Nýsköpun og hagnýting þekkingar** | • Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi<br>• Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.<br>• Fjallað um tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru. | Nemendur vinna saman í hóp og fjalla um ýmsar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir | Hópavinna og kynning |
| **Gildi og hlutverk vísinda og tækni** | • Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum<br>• Gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri.<br>• Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.<br>• Tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu | Umræða um mannslíkamann og vinna verkefni þar sem þau þurfa að afla sér frekari upplýsinga um ákveðið efni | Umræða, virkni, verkefni, hópavinna |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Vinnubrögð og færni** | • Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.<br>• Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra. | Ýmsar athuganir tengdar mannslíkamanum, himingeiminum og jarðfræði Íslands | Umræða, virkni, verkefni, hópavinna |
| **Að búa á jörðinni og lífsskilyrði manna** | • Útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist.<br>• Rætt um hvernig rætanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs.<br>• Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi.<br>• Lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðinni.<br>• Lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum<br>• Útskýrt líffskilyrði manna og helstu manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu<br>• Lýst samspili manna og uppruna og þróun lífs á jörðu. | Nemendur afla sér upplýsinga um valin efni og útbúa plakat. Kynna verkefnið sitt fyrir bekknum. Verkefni í litlum hópum tengd mannslíkamanum | Umræða, virkni, verkefni, hópavinna |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Náttúra Íslands og heilbrigði umhverfis** | • Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengslum þeirra innbyrgðis og við umhverfi sitt.<br>• Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.<br>• Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér.<br>• Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.<br>• Útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita. | Upplýsingaröflun um auðlindir Íslands og verkefni unnin í hóp | Umræða, virkni, verkefni, hópavinna |
| **Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu** | • Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi<br>• Lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar<br>• Lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi | Nemendur kynna sér fæðu sem framleidd er á Íslandi. Umræður í litlum hópum og skýrslugerð | Skýrslugerð og virkni |

**Námsgögn:**
Náttúrulega 1 lesbók og verkefnabók, vettvangsferðir
Ýmis myndbönd, spil, umræður og leikir.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Lokaeinkunn gefin í A, B+, B, C+, C og D.